

Formannafundur Landssamband hestamannafélaga Haldinn 6.nóvember 2009

Haraldur Þórarinnsson býður formenn hestamannafélaganna og nefnda velkomna.

Gunnar Sturluson og Valtýr Valtýrsson eru kosnir fundarstjórar.
Ritarar Anna Lilja og Oddrún Ýr.

Fyrsta mál á dagskrá, skýrsla stjórnar, sjá ppt. skjal.

Viðbætur við skýrslu stjórnar:

Mannvirkjanefnd: Í landsmótsundirbúningi á mannvirkjanefnd að taka svæðið út áður en landsmót hefst. Sú breyting á þessu er að mannvirkjanefnd er nú með í undirbúningi frá upphafi, ekki bara viku fyrir mót.

Landsliðsmál: Mikilvægt að menn séu samstíga í þeim agamálum sem upp geta komið. Að hestamenn komi fram sem heild, en ekki sundraður hópur.

Heimasíða LH: Þarf að bæta tengslin milli hestamannafélagana og heimasíðu LH. Gott að nota hana sem einskonar gátt á milli hestamanna. Félagsmenn hvattir til að koma sem mestum tengslum á milli hestamannafélaga og LH.

Erlent samstarf: Ítrekað að mikilvægt sé að hafa opin auga fyrir þeirri umræðu sem á sér stað innan FEIF úti í heimi, eins og grænni hestamennsku.

Fagráð: Mikilvægt að það sé sátt um þessa hluti, að fólk sé sammála um hvaða áherslur skuli leggja á í ræktun, að það séu einungis lögbýlingar sem hafi úrslitavald þar finnst stjórn LH gamaldags hugsunarháttur.

LM 2012 og 2014: Öll félög fá greiningu mannvirkjanefndar um hugsanleg mótssvæði og geta komið fram með sínar athugasemdir á greiningunni.

Að lokum: Besti árangurinn kemur fram í gegnum öflugt félagsstarf. Ekki má gleyma mikilvægi sjálfbóðaliðastarfsins, sem er gríðarlega mikið. Enn og aftur hamrað á mikilvægi þess að hversu mikilvægt það er að koma öflug fram. Að sýna að hestamenn séu ein heild. ÞÞ tekur fram hversu jákvætt það er að sjá reiðhallir rísa um land allt. ÞÞ lýkur máli sínu.

Marianna Gunnarsdóttir gjaldkeri LH fer yfir reikninga LH frá árinu 2008 og 8 mánaða uppgjör frá 2009 og áætlun um lok ársins 2009 og árið 2010.

Árið 2008. Sjá glæru.

8 mánaða uppgjör 2009 og rekstraráætlun 2009. Sjá glæru

Rekstraráætlun 2010. Sjá glæru

MG lýkur máli sínu.

Orðið gefið laust um skýrslu stjórnar.

Jónas frá Funa (þó ekki núverandi formaður Funa). Segist hafa gagnrýnt stjórnina á síðasta ársþingi fyrir að hafa unnið lokað og seint. Segist hafa beðið og beðið eftir að hafa séð hvað væri verið að vinna eftir ársþing, segir að það hafi gengið hægt. Skýrsla ársþingsins 2008 ekki enn kominn á vefinn síðast þegar hann gáði. Biður LH að notast betur við fína vefinn sinn.

Bjarnleifur Bjarnleifsson kemur upp. Þakkar stjórninni mikið starf. Hefði viljað að tölur gjaldkera hefðu legið frammi þannig að hægt hefði verið að rýna í þær á blaði, því um stórar tölur er að ræða.

Jón Albert kemur upp. Þakkar stjórn fyrir starf sitt og ítrekar það að menn verði að passa sig á peningamálum, ef ekki nást endar saman verður að draga úr starfseminni. Segir frá FEIF sem hann vinnur fyrir. Talar um að fjárhagsstaðan sé mjög þröng og að um 20 milljóna tap hafi verið á HM í Sviss. Hann segir að 80% af tekjum FEIF fari í fundi og ferðalög. Einnig segir Jón að alls ekki megi gera lítið úr árangri landsliðsins, segir að það hafi verið grettistak að menn hafi komist út, miðað við ástandið í samfélaginu. Jafnframt segir hann WorldFeng vera vopn fyrir alla eigendur íslenskra hesta, mikilvægt að nota það. Þakkar að lokum fyrir fína skýrslu.

Lárus Hannesson. Þakkar formanni, gjaldkera og stjórn fyrir sín störf. Segir það hafa verið skemmtilegra ef hann hefði getað fengið fundargögn aðeins fyrr í hendurnar, ekki bara við upphaf fundarins. Lárus kynnir sig sem formann gæðingadómarafélagsins. Segir öflugt starf sé unnið þar og að félagið sé í útrás. Talar um sóknarmöguleika sem eru í gangi fyrir gæðingadómara. Tillaga hefur verið sett fram um að ef félög vilja halda lögleg gæðingamót verði að leggja fram tillögu um gæðingadómara til gæðingadómarafélagsins. Lárus segir félagið ekki geta borið ábyrgð á dómurum þar sem formenn hringja beint í dómara en ef eitthvað kemur upp þá verði félagið að taka á þeim málum. Hann segir að verið sé að reyna dreifa dómgæslunni svo dómarar haldi sér í góðu starfsformi. Þakkar fyrir sig.

Guðni formaður Smára. Vegna skýrslunnar, HP minntist á rekstrarsamninga vegna reiðhalla. Segist Guðni vilja fá að sjá svoleiðis samninga ef hægt er. Talar þó að menn verði að sníða sér stakk eftir vexti, talar um að hestamannafélagið Smári í samstarfi við hestamannafélagið Loga reist sér reiðhöll sem þeir eigi skuldlaust og meira að segja afgang (3 milljónir). Einnig minnst hann á blað LH, kostnaður við það 4 milljónir, finnst skrytið að eyða 4 milljónum í blað þegar er búið að eyða 1 milljón í heimasíðuna. Segist aldrei hafa séð þetta blað. Lýkur máli sínu.

Ómar Diðriksson frá Geysi. Þakkar stjórninni fyrir þeirra starf. Veltir fyrir sér dómaramálum. World ranking mótum. Að þurfi að fá dómara frá útlöndum. Veltir fyrir sér hvort félög geti samnýtt þetta því þetta sé mjög kostnaðarsamt. Þakkar fyrir sig.

Haraldur Þórarinnsson tekur til máls

Segir Jónas hafa rétt fyrir sér varðandi fundargerðir, að þær eigi að koma miklu fyrr inn á heimasíðuna. Skýrsla á landsþingi var kominn inn mánuði eftir þing en var kippt út fyrir mánuði síðan vegna rangra upplýsinga um íslandsmeistaramóts. Tekur undir það að aðalatriðið sé að nota heimasíðuna sem mest og best. HP þakkar Bjarnleifi góð orð. Segir að varðandi reikninga séu þeir ekki til umræðu á formanna fundi, þeir séu aðeins til upplýsinga og hafi ekki verið yfirfarnir af skoðunarmönnum. Jón Albert, það sem hann benti á, með fjármálin, að þar sem fjármálin eru ekki í góðu lagi þar sé sjálft starfið ekki í góðu lagi. Jón Albert talaði um að sinn tími væri líðinn, HP mótmælir því, segir hann tíma ekki líða meðan hann

drægi andann!

HP er sammála Lárusi, varðandi dómarafélagið, getumalltaf gert betur. Segir að reglugerð sé á leiðinni þar sem mót verði ekki lögleg nema dómara séu sóttir í gegnum dómarafélögin. HP tekur undir með Guðna frá Smára, ánægður með verk þeirra (reiðhöllina á Flúðum). Segir að rekstrarsamningar hafi oft verið gerðir af sveitarfélögunum, þar sem þau eigi mannvirkin en svo séu gerðir samningar við félögin um að reka þetta. Hestamannafélögin hafa alltaf verið þínu á skjön við þetta, ekki komist inn í þetta rekstrarleiguumhverfi.

Varðandi útgáfu á blaði, góður punktur. Fórum í samstarf við fréttablaðið en því var hætt í fyrra. Tilgangurinn var að reyna koma okkur á framfæri, kannski tókst það ekki og var þá dýr lexía. Kannski er langbest að nota bara heimasíðuna. Ómar kom inn á Worldranking, þetta var samþykkt á FEIF að menn yrðu með einn dómara, til að sýna aðhald og til að gefa mótunum þyngra vægi. Mjög skiptar skoðanir voru á þessu innan LH. Sammála því að menn þurfi að taka sig saman um þessi mót.

Sigfús Helgason kemur í pontu. Segir rekstrar samninga reiðhalla sér hugleikið mál. Vill benda á ÍSí merkið, segir okkur vera fullgilda íþróttamenn og eigumað setja okkur á þann stall. Skorar á þá sem eru með reiðhallir í sínu nágrenni að skora á sínar sveitastjórnir að sinna þeim á réttan hátt. Ef við erum ekki viðurkennd sem alvöru íþróttamenn eigum við ekkert erindi inn í ÍSí. Segir að þó verið sé að reka reiðhöllina á Akureyri í dag verður það ekki rekið á einum starfsmanni í langan tíma, það bara gengi ekki upp. Þegar við erum að reka þessar hallir sjálf þurfum við að taka leigu frá okkar félagsmönnum en aðrir íþróttamenn á Akureyri þurfa ekki að borga fyrir að iðka sínar íþróttir í öðrum íþróttamannvirkjum á Akureyri. Við verðum að sitja við sama borð og aðrir í þessum málum, hestamenn erum íþróttafólk, ekkert annað. Skorar á rekstraraðila reiðhalla að hafa samband við sínar sveitarstjórnir fyrir kosningar í vor. Segir hestamenn ekki eiga að eiga hallirnar, sveitarfélögin eiga að eiga þessi mannvirki, og borga fyrir þau.

Guðmundur formaður Sleipnis. Tekur undir það sem Sigfúsi Helgasyni að ganga eigi á fund sveitarstjórna og reyna að fá þær til að taka þátt í reiðhallarkostnaði. Segir það skorta hversu mikið LH berst fyrir hestamannafélögin í landinu. Segir að LH eigi að vera samnefnari hestamannafélaga í landinu beiti sér fyrir hestamannafélögin í samskiptum við sveitarstjórnir, í staðinn fyrir að lítil hestamannafélög séu að taka þann slag. Segir hestamannafélögin vera of mörg, erfitt að ná góðri heild með þeim svona misstórum og dreifðum. Erfitt að hver og einn sé að berjast í sínu horni.

Marianna kemur aftur í pontu. Talar um sundurliðun reikninga.

Halldór Halldórsson kemur í pontu og ræðir styrk vegna reiðvega, 3.000.000. segir að þetta sé vegna skráningar reiðvega. Segir LH ekki borið neinn kostnað beint vegna þessarar reiðvegaskráningar.

HP kemur aftur í pontu. Er sammála Guðmundi í Sleipni að hestamenn séu oft ekki að tala sama rómi, getur vel verið að LH eigi einhvern þátt í því. Hafnar þeirra skiptingu í kynbóta og íþróttahluta. Hestamenn eru einn hópur, kynbótahlutinn er ekki einhver atvinnugrein og íþróttahlutinn sér hluti. Hann segir hestamenn alltaf gefa röng skilaboð, t.d. til sveitarstjórna, um að kynbótahluti greinarinnar sé í raun sér atvinnugrein. Það er bara rangt að gefa þessi skilaboð, allir verða að passa sig á því. Þessi blessaða atvinnugrein er ekkert annað en ávinningur af hestaíþróttinni sjálfri.

Næsti liður. **Skýrsla mannvirkjanefndar**, sjá skjal.

Birgir Leó fer yfir þann kvarða sem notaður var til að meta mannvirki fyrir LM 2012 og 2014.

Smá villa í skýrslunni, raftenglarnir teknir fyrir undir veituliðnum, en ekki undir tjaldsvæðalið.

Umræður um erindi um landsmótssvæði:

Jón Albert. Segir mikilvægt að menn átti sig á því að landsmótin skipti gríðarlega miklu máli, þetta er hin raunverulega uppskeruhátíð hestamanna. Talar um tjaldsvæðin á Hellu, segir þau hafa verið til skammar. Sóðaskapurinn var ekki neinum til sóma. Spyr hvort það geti verið að við séum komin of langt, erum við komin framúr okkur? Veltan er komin yfir 140 milljónir, hvað gerist ef allt í einu snjóar, hver ætlar að bera þetta tap? Við verðum að hugsa málin áður en við förum of langt. Við erum fátæk félagasamtök, við getum ekki verið að setja hestamannafélögin á hausinn. Erum við kannski farin að setja of miklar kröfur og stöndum þá eftir með sárt ennið.

Lárus Hannesson. Þakkar fyrir góða skýrslu. Segist vera hlynntur því að kröfurnar séu orðnar of miklar. Hver er fjárhagsleg staða okkar í þessu? Persónulega vill hann að horft sé til tveggja staða í mótshaldi fyrir landsmót. Segir girðingamál á völlum oft slæm, erfitt að dæma á sumum völlum, mikilvægt að skoða þetta vel. Harka brautanna er líka oft orðin of mikil, hestar farnir að veigra sér þegar harkan er orðin of mikil. Ef hægt væri að mæla hörku brauta fyrir keppni væri það mikil framför.

Jónas Funa. Fyrverandi formaður mannvirkjanefndar. Hannaði hringvöllinn. Talað um að hanna nýja velli, en enginn haft samband við hann. Segir rangfærslur í skjölunum, að þetta sé unnið eftir vitund manna, að plaggið hafi verið unnið án þess að hringja í þá menn á völlum sem um ræðir og spyrja þá beint út í ástand svæðisins, ekki fara bara eftir einhverjum skjölum.

Ómar frá Geysi. Tekur fram að þeir eigi ekki Rangárbakkasvæðið, borga bara leigu til Rangárbakka. Gagnrýnir þá ákvörðun að ekki sé búið að taka ákvörðun um næsta mótssvæði. Þakkar þó fyrir góða skýrslu. Finnst þó eins og verið sé að etja hestamönnum saman, hver sé með besta svæðið. Spyr hvað eigi að ganga langt í því að reyna gera sitt svæði sem það besta, þegar fjármagn til þess er ekki til staðar. Hvað varðar framkvæmdaatriði landsmóts 2008 var það ákvörðun landsmótins hvar tjaldstæðið ætti að vera. Ómar vill að hestamenn standi saman, en eigi ekki að keppa á móti hvor öðrum um að „vinna“ næsta mótssvæði fyrir landsmót.

Guðmundur Sleipni. Allir vilja fá að halda landsmót, jafnvel þó það þýði það að það félag sem tekur það að sér að sitja eftir í sárum. Segir Sunnlendinga standa saman að Rangárbökkum, Finnst leiðilegt að sjá 2 félög í Eyjafirðinum berjast um sama bitann. Ef notast á við niðurstöðu skýrslunnar þá spilar gisting mjög þungt inn í, hann veltir því fyrir sér hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar þegar talað er um forsendur gistingar. Í þéttbýli er næg hótलगisting, en hversu aðgengileg er hún fyrir þá gesti móts sem ætla að nýta sér hana. Guðmundi finnst of mikil áhersla á gistinguna, en heldur ætti að einblína á vellina og annað sem kemur beint að mótinu. Tekur fram að gístiframboð er ekki í höndum þess sem heldur landsmóts,

mótshaldarar geta ekkert gert í því hversu mikið framboð er af gistingu á þeirra svæði. Segir að hestamannafélög eigi ekki að eltast við að halda landsmót, því sá kostnaður geti farið mjög illa með þau.

Marínó Hákonarson frá Hendingu á Ísafirði. Segist ekki þurfa að hafa áhyggjur af því að halda LM. Segir landsbyggðarfólk hafa barið í borið fyrir löngu síðan hvað varðaði gistingu á mótssvæðinu, sagði að það virtist hálfpartinn vera krafa um að í Breiðholtið sæist frá mótssstað. Tók líka fram að bílastæði voru ekki tekin fyrir í skýrslunni og sagði þau oft hafa verið draug á þessum mótum.

HP kemur í pontu. Mikilvægt að hugsa sér, til hvers ætlumst við af Landsmóti? Passa að þegar við höldum mótin að mótin séu á þeim svæðum að svæðið verði nýtt utan mótsins, að þau séu ekki bara nýtt 1 viku annað hvert ár eða eitthvað þvíumlíkt. Þessir staðlar eru gerðir til að átta sig á því hvað við þurfum til að halda svona mót. Gistirými í Skagafirði er nær uppurið núna 7 mánuðum fyrir mót og Húnavatnssýslan er langt komin líka.

Birgir Leó kemur aftur í pontu og svarar;

Jón Albert. Eftir því sem mótin stækka verða þau alltaf stærri og stærri hluti af þessu.

Lárus. Verið að skoða girðingamál á Melunum fyrir næsta mót. Hörkumæling á völlum er eitthvað sem Vegagerðin getur hjálpað til með og verið e rað skoða það.

Jónas. Enginn völlum verið endurhannaður nema hafa hann með i ráðum. Vinnan í haust hefur að mestu snúist um Vindheimamela. Það er umræða um hringvöllinn, að nota hann en taka beinu brautina út, þannig að hringurinn verður alveg sjálfstæður þannig að beygjur og þannig halda sér. Kallað verður á Jónas þegar að þeirri vinnu kemur.

Guðmundur Lárusson. Kannski er það rétt að gistingin sé ekki á okkur könnu en auðvitað viljum við bjóða upp á góða gistingmöguleika.

Marínó. Bílastæði, þau voru höfð í huga í skipulags og aðkomumálum. Melgerðismelar eru sennilega það svæði sem auðveldast er að taka á móti miklum fólksfjölda.

Fundarhlé

Æskulýðsbíkar LH 2009 afhentur. Helga B. Helgadóttir afhendir. Hestamannafélagið Dreyri.

Kynning Vilmaris frá Capacent um gildi félagsstarfs.

Segir gildi geta haft tvenns konar merkingu, hvers virði er það og fyrir hvað stendur það. Þetta er ekki ný umræða, en mikilvægt að hún sé sívakandi. Í dag er mikil gildaumræða í samfélaginu, menn segja okkur hafa villst af leið, slæm gildi tóku

við af þeim gömlu góðu sem gleymdust. Það að skapa tækifæri til að vinna sigra er mikilvægt. Í dag þurfum við þessi tækifæri. Vilmar ræddi um félagsauð, að hann sé í raun aðal auður félaganna, en ekki efnislegi auðurinn.

Ræddi um heildarmyndina, mikilvægt að hún skýri hvert leiðarljósið sé (hvert er hlutverk hestamannafélaganna, gildi þeirra og sérstaða), hverjar áherslurnar séu (lykilatriði til árangurs, forgangsverkefni, markmið, áherslur í stjórnun og samvinnu og skipulag) og loks daglegt starf eða það sem stýrir daglegu starfi (ferlar og leikreglur, verk- og starfslýsingar og aðgerðaráætlun). Til að markmið náist (áherslu-flokkurinn) þá verða menn að vita hvert þeir stefna (leiðarljósið).

Hugsa um hvort félögin séu til fyrir fjölskyldurnar eða hvort starf þeirra sé að skapa atvinnumenn á sínu sviði. Einnig að velta því fyrir sér hvort allir innan félagsins séu ekki örugglega að stefna að sama marki, vinna að sömu markmiðum.

Muna að gildi eru í raun það sem móta hugsun okkar og hegðun, hvað er rétt og hvað er rangt. Þau eru skilningur okkar á því hvernig hlutirnir eiga að vera og hvernig þeir eiga ekki að vera.

Vilmar leggur umræðuspurningar fyrir salinn og biður salinn að vinna þær.

- Hver er tilgangur hestamannafélaga?
 - Hvert er okkar hlutverk?
 - Hvað finnst mér mikilvægt að endurspegli starf hestamannafélaga?
 - Á hverju finnst mér að aldrei megi gera málamiðlun í starfi hestamannafélaga?
 - Fyrir hvað ættum við að standa?
 - Höfum við fjarlægst mikilvæg gildi í starfseminni?

Fær fólk til að vinna svörin í hópum, skapa umræðu um þessi mál.

Punktur frá hópum:

Hlutverk hestamannafélaga er að efla íþróttina. Stuðla að nýliðun og standa vörð um æskulýðsstarfið. Góður félagsandi endurspeglar gott starf í öllum þáttum. Aldrei víkja af leið í æskulýðsmálum. Stöndum fyrir gott og heilbriggt félagsstarf þar sem allir njóta sín. Hestamennskan er fyrir alla. Tækifæri gætu leynst í krepunni.

Félögin standi vörð um hesta og hestamenn og þá kosti sem hesturinn er búinn eins og að virkja félagsmenn til þátttöku í starfsemi félagsins og gæta hagsmuna hestamanna. Skapa jákvætt orðspor og vera virkur í félagsstarfi. Öflugt barna og unglingastarf, samheldni og virðing fyrir málefnum hestamanna. Markmið og gildi hestamannafélaga séu virt og ekki gerðar neinar undantekningar þar á. Fagmennska og góða siðfræði í starfi og leik þannig að orðspor hestamanna blómstri. Markhópar hafa myndast um einstaka þætti hestamenskunnar sem leiða til togstreitu um einstök málefni.

1. Hlutverkið. Halda utan um hagsmuni hestamanna og gera hestamönnum kleift að stunda sína íþrótt.

2. að halda gleðinni í starfinu, í félagi sem er engin gleði þar er ekkert líf.

3. að velferð hestsins sé höfð að leiðarljósi.

4. Hagsmunir og forvarnir. Velferð hestsins. Gleði, fagmennska og öryggi.

5. Tilgangur hestamannafélaga.

1. Tilgangur hestamannafélaga er að standa vörð um hagsmuni hestamanna og hesta. Umgjörð um félagsstarfið. Að skapa hestamönnum stórum sem smáum, vettvang að vinna að sameiginlegum gildum. Íþrótt – menning- lífstíll.
2. Að skapa jákvætt umhverfi og að nýta félagsmenn. Vinna að félagssauð. Hvað vill ég gera fyrir félagið með sjálfboðavinnu. Formenn eiga að sjá til að hlutirnir séu gerðir í stað þess að gera alla hluti sjálfir.
3. Jákvæðni og klapp á bakið. Hrós mjög mikilvægt. Fá félagsmenn til að leggja starfinu lið.
4. Má ekki víkja frá því að hestamennska sé íþrótt.
5. Íþrótt – menning – lífstíll.
6. Við höfum ekki fjarlægst hestamennskuna, frekar færst nær þeim. Frá upphafi LH farin að leggja of mikla áherslu á keppni á kostnað félagsstarfs? Þurfum alltaf að vera meðvituð um gildin og passa að fjarlægjast þau ekki.

1. Vinna að sameiginlegum hagsmunamálum hestafólks.
2. Sameina félagsmenn til að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og auka aðgengi.
3. Samstaða, fræðsla, heiðarleiki, framsýni og æskulýðsstarf.
4. Sjá nr 2
5. Verndarar íslenska hestsins velferð og menningar hans tengt í nútíð og framtíð.
6. Fjarlægst leikinn og gleðina

Huga að velferð íslenska hestsins, menningu honum tengdri í nútíð og framtíð.

Tilgangur hestamannafélaga er að stuðla að því að hægt sé að iðka hestamennskuna, hvort sem er í keppni eða við leik. Sjá til þess að útvega land undir hesthús, velli, reiðgötur og önnur mannvirki sem til þarf. Stuðla að fræðslu um notkun og velferð hestsins og iðkenda. Mikilvægt er líka að leggja áherslu á gott æskulýðsstarf. Einnig má ekki gleyma mikilvægi ýmissa uppákomasem félögin standa fyrir hvort sem það eru hestamannamót, útreiðatúrar, fræðslufundir, skemmtanir svo eitthvað sé nefnt. Það sem við myndum aldrei gera málamiðlun um er velferð hestsins. Hana skal alltaf hafa í fyrirrúmi. Samstaðan hefur komið mikið tilbaka í kreppunni.

Áfram hópavinna, hópum skipt eftir málefnum frá Vilmari:

Aðstöðumál

Þegar hestamannafélag er orðið til er fyrsta mál þess að sækja um félagssvæði og standa a og stuðla að uppbyggingu á félagssvæðinu. Þarf að sjá til þess að til sé aðstaða, svo sem reiðstígar og að gömlum stígum sé haldið opnum. Aðstöðu hús, t.d. félagsheimili og keppnisvellir eru líka mikilvægur þáttur. Reiðgerði og reiðhallir eru líka stór atriði. Í dag hefur tímabilið sem greinin er iðkuð lengst, þó ekki sé riðið út í öllum veðrum eru haldin námskeið. Reiðhallir eru nauðsynlegur þáttur til að skapa íþróttina. Kalla á aukna aðstoða til að kynna íþróttina og vekja athygli á okkur sem

Íþróttafélag. Auka skilning sveitastjórnarmanna á að hestamannafélög eru aðilar að ís í og eiga ða sitja við sama borð og önnur íþróttafélög.

Iðkendur

Hvað getum við gert til að stuðla að fjölbreyttu starfi fyrir alla iðkendur. Gleði þarf að ríkja í starfinu og allir eiga að finna eitthvað fyrir sitt hæfi. Bjórkvöld fyrir fullorðna, pizzukvöld fyrir fjölskyldur. Fólk eflist þegar markmiðin eru há. Passa sig að standa vörð um alla iðkendur, það er enginn meiri eða betri en næsti maður. Keppendur hafa kannski verið frekar fyrirferðamikill hópur. Fræðsla þarf að vera til staðar, og hún þarf að vera áhugaverð. Þó námskeið og fræðsla séu í boði hefur það ekki verið að skila sér nógu vel út til fólksins. Þarf að vera einhvers konar gulrót, t.d. virka knapamerkin vel. Passa að þetta má ekki alltaf enda með keppni. Sóknarfæri í að auka iðkenda fjöldann. Bíta á jaxlinn í kreppunni og halda áfram að kynna hestinn. Fara í grunnskóla, kynna hestinn, hafa ókeypis dag þar sem hesturinn er kynntur. Ef við náum til barnanna þá náum við kannski foreldrunum líka. Þetta virkar þá líka sem forvörn, allir að vera saman.

Bætt við úr sal. Reiðskólar eru duglegir við að fá nýja iðkendur og lokka þannig nýja félagan inn í félögin. Hverju barni fylgja yfirleitt 2 fullorðinir.

Æskulýðsmál

Ef ekki væri æskulýðsstaf myndu félögin lognast út af. Markmiðið er auðvitað að efla íþróttina og það er mikið gert í gegnum æskulýðsstarfinu. Það verður að setja æskuna í forgang. Skapa þeim aðstöðu, t.d. í reiðhöllum, gefa þeim forgang á tíma. Stuðla að nýliðun í gegnum reiðskóla og grunnskólaherferðir. Styrkja þau börn sem ekki hafa bakland í hestamennskuni, t.d. með einhverju eins og hestur í fóstur og þannig löguðu. Einnig lykilatriði að setja upp nýtt form keppni fyrir þau börn sem ekki hafa nógu góða hesta til að vera á hringvöllum því það er oft bara lítill hluti bara sem er að keppa á hringvöllum. Slíkar keppnir gætu verið t.d. ratleikir, smalakeppnir og fleiri slíkt. Þetta gæti falist í því að það yrði sett upp kerfi þar sem það yrðu æfingar á vissum tímum, þjálfari fengi greitt frá sveitarfélaginu og þessar greinar æfðar. Gert í Skagafirði og er gríðarlega vinsælt þar. Rætt um kostnaðinn við æskulýðsstarfið. Alveg klárt að kostunaraðilum þarf að vera gefin tækifæri til að styrkja æskulýðsstarfið og að kenna sig við æskulýðsstarfið. Þetta skapar mun jákvæðari mynd heldur en að styrkja einstaka íþróttamann. Oft verið keppikefli hjá kostunaraðilum að kenna sig bara við æskulýðsstarfið, oft ekki verið nóg af atburðum til að selja út til kostunaraðila, slíkt er eftirspurnin. Að lokum er æskulýðsstarfið forvarnarstarf, kynslóðir njóta tímans saman.

Hesturinn og velferð hans, menning í nútíð og framtíð.

Félögin standi fyrir almenni fræðslu um velferð hestsins. Gefa út lítinn bækling á skiljanlegu máli um velferð hesta, taka á fóðurþörf, útiveru og öðru slíku. Hvetja fólk til að leita sér fræðslu um velferð hrossa.

Bætt við úr sal: Heimasíða LH er kjörinn vettvangur fyrir góð ráð um velferð hesta.

Hagsmunagæsla

Snertifletir eru milli hestamannafélaga, sveitarfélaga og ríkis. Oft slegist um skipulagsmál. Oft á tíðum er þetta valdabarátta. Hestamenn eiga frekar að vera í sókn heldur en vörn. Spurning um vinnubrögð, að hestamenn setji sig inn í þau vinnubrögð sem um ræðir, og vera þannig frekar í sókn en vörn. Það þarf að auka sýnileika hestamanna, auka skilning á því sem hestamenn eru að gera og allt tengt því. Fá LH til að hjálpa til við það. Vinna að því að ná inn peningum. Verjast gegn fasteignaskattinum og LH þarf að passa sig á því að gæta jafnræðis. Að lokum er spurning hvort félögin geti ekki unnið betur saman, sameinast í baráttu fyrir hagsmunum hestamanna.

Lífstíll eða keppni

Að félögin myndu hafa keppirnar sem fjölbreyttastar þannig að allir hefðu gaman af því ða taka þátt og gera félagsstarfið þannig fjölbreyttara. Hestamennska er lífstíll að einhverju leyti, jafnt fyrir þá sem ríða út sér til gamans og fyrir þá sem eru gallharðir keppnismenn.

Bætt við úr sal: reiðvegir í og við þéttbýli eiga að vera hluti af íþróttamannvirkjum í viðkomandi sveitarfélagi og eiga að vera kostaðir af því sveitarfélagi þannig að félögin geti einbeitt sér að öðrum kostnaðarliðum. Flestir fundarmenn sammála þessu.

Landsmót/ráðstefna

Valtýr Valtýsson tekur til máls. Kynnir næstu frummælendur, JFF, SÆ og Hjörnýju.

JFF kemur í pontu. Talar um að reynt hafi verið að stíga skref í átt að fjölskylduvænni hátíð á Hellu 2008.

Sjá glærur JFF.

Spurning úr sal, hvort framkvæmdanefnd sé tilnefnd fyrir hvert Landsmót fyrir sig.

JFF segir Landsmót standa á tímamótum og mikilvægt að spyrja að því hvort við séum á réttu róli. Sú breyting hefur nú orðið að flestir starfsmenn mótsins fá einhvern veginn greitt fyrir vinnu sína, hvort sem það er í gegnum hestamannafélagið sitt eða fá beint greitt.

Hjörný Snorradóttir næst í pontu. Sjá glærur frá henni.

Ása Hólmarsdóttir biður um orðið. Þakkar fyrir æskulýðsbikarinn sem Dreyri hlaut. Segir starfið hafa verið rífið upp hjá Dreyra undanfarin ár, en var áður dauft. Fleiri krakkar á Akranesi farnir að taka þátt en mikil samkeppni er um börnin á Akranesi því mikið framboð er af afþreyingu fyrir krakka á Akranesi. Dreyri hefur reynt að hafa dagskránna sem

fjölbreyttasta, hafa leikja og litabókakvöld fyrir þá allra yngstu, fjölskylduútreiðatúrar, hestafótbolti og fleira skemmtilegt. Þetta hefur Dreyri gert án þess að eiga reiðhöll. Fyrir hönd Dreyra þakkar hún kærlega fyrir. Segir bikarinn hvetja þau frekar til dáða.

Siggi Ævars mætir í pontu.

Þakkar Hjörnýju fyrir góðar upplýsingar.

SÆ segir landsmót 2008 hafa gengið vel hvað tímaáætlanir varðaði. Segir hörkugagnrýni hafa komið fyrir of þetta dagskrá og sú gagnrýni hafi verið mjög sterk og því hafi verið nauðsynlegt að enduskoða þetta vel. Ein hugmynd kom um að fækka hrossum verulega. Sú hugmynd hefur ekki hlotið góðan hljómgrunn, viljum helst ekki fækka hrossum. Framkvæmdanefndin hefur legið yfir þeim leiðum sem hægt er að fara til að bæta og breyta, hvar er hægt að skera niður og hvað þarf að stytta, ef eitthvað?

Hugmyndin er sú að bæta einum degi framan við mótin, að sunndagur verði upphafsdagur mótsins. Forkeppni barna og unglinga verði keyrð í gegn þann dag. Þetta er hugsaður sem æskulýðsdagur, þetta verði léttur og skemmtilegur dagur. Kvölddagskrá skal verða meira hestamiðuð.

LM er stærsta hátíð hestamanna, þessa hátíð hefur einkennt gleði og léttleiki, því má ekki tapa ef einhverju þarf að breyta.

SÆ fer yfir dagskránnar, sjá skjal frá JFF

SÆ segir frá afslætti á miðaverði sem félagsmenn BÍ og LH fá.

Opnað fyrir fyrirspurnir.

Spurt hver hugsunin sé á bakvið það að láta börnin byrja á sunnudeginum. SÆ segir að með þessu sé verið að reyna skapa sér barna og unglingadagskrá.

Önnur fyrirspurn úr sal, hvort ekki þurfa að hliðra til kynbótadagskrá, hvort þetta sé ekki of þröng dagskrá? SÆ segir þetta eiga að sleppa.

Ómar frá Geysi segir að þegar móti lýkur fara allir af stað út í einu, hvort væri sniðugt að hafa veitingastaði opna aðeins lengur og kannski smá dagskrá til að allir fari ekki af stað í einu, til að forðast þannig teppu.

Lárus Hannes í pontu. Ánægður fyrir hönd gæðingakeppninnar hversu vel hún kom út úr könnun Hjörnýjar. Fagnar því að ekki verði skorið niður á því sviði. Segir okkar tækifæri liggja þar, þetta sé mikil skemmtun og gleði sem fylgi þessu. Þetta sé að verða skemmtilegri dagskrá með hverju árinu, þetta er farið að ganga hraðar og meira um topphesta, dómarnir orðnir betri og sömuleiðis hestarnir. Stundum er farið í það að telja upp einhver rök sem eiga ekkert við, af hverju við séum ekki að gera þetta eins og heimsleikarnir. Hann segir að ekki sé rétt að bera þetta saman, við eigum ekki að breyta bara til að breyta. List ágætlega á þennan æskulýðsdag, hljómar spennandi og gaman að fylgjast með hvernig þetta kemur út. Er alfarið á móti því að stytta gæðingakeppnina.

Jóna Fanney tekur til máls, ítrekar ódýrari miða til BÍ/LH félagsmanna. Segir að verið sé að smíða miðasölu grunn sem nota eigi til lengri tíma. Biður um samstarf við formennina við að útbreiða þennan boðskap því þetta sé frekar lokað, þetta verð verður ekki auglýst út á við, bara á milli LH/BÍ félaga. Segir formönnum frá miðaverði, en tekur fram að um drög sé að ræða.

Bjarnleifur tekur til máls. Segir þetta góða hugmynd. Segir þó félagatalið í hestamannafélögum vera þannig að oft er bara einn úr fjölskyldu skráður í félagið, og að hinir þurfi þá að borga meira en sá eini sem er félagi í LH, en hugmyndin sé góð engu að síður. JFF svarar, segir LM ekki ætla að vera stíft á þetta, þú getur keypt x marga miða á þinni kennitölu en bara keypt einu sinni á hverja kennitölu.

HP spyr hvort menn séu almennt sammála því að lengja skuli mótið um einn dag.

- Ánægð með þetta.
- Þetta skiptir endilega ekki máli, þetta mæðir hvort eð er alltaf á sama fólkinu, en þetta sé engu að síður flott fram sett.
- Ánægja með sér barnadagskrá, krökkunum gefst kostur á að koma og taka þátt og ef ekkert gengur þá lýkur útilegu á sunnudagskvöldi og fjölskyldan getur þá farið heim.
- Ánægja með breytingu á lengd, spurning hvort sé hægt að fara seinni riðla barna og unglunga aftur á miðvikudag (frá þriðjudegi), þannig að foreldrar og börn geti farið heim í millitíðinni og komið þá aftur.
- Í sambandi við sunnudaginn, talar um að hún komi frá félagi sem hefur aldrei komið börnum upp úr forkeppni, hvort fólk þurfi að borga fyrir alla vikuna ef þau koma svo aftur yfir helgina, eftir að hafa farið heim á sunnudeginum (fyrri sunnudeginum)
- Hvort úrslit barna eigi ekki líka að fá að vera á sunnudeginum, því það sé jú stærsti dagurinn, börnin eigi að fá að taka þátt í þeim degi.
- Rætt um könnunina hennar Hjörnýjar. Skiptir máli hver eftirleikurinn sé í svona málum, hvort eigi bara að lesa skýrsluna og láta staðar numið þar eða taka á málunum. Ræðir líka landsmótsstaði, eins og þeir komu fram í skýrslunni. Fólk er að einblína á 2 staði, Hellu og Vindheimamela. Viðhorf erlendra gesta til gistingarinnar er líka mjög athyglisvert, ekki síst með tilliti til þess hvernig svörunin er milli landshluta. Fólk ætti frekar að einblína á því að byggja upp þessa 2 staði í stað þess að einblína endalaust á aðra staði og umræður um þá. Það á að hlusta á það fólk sem sækir á landsmót, hlusta á landsmótsgesti, það er ekki hægt að ganga framhjá þeim.
- Varðandi dagskránnar, það er í góðu lagi að breyta aðeins til. Á stærstu mótum heimsins eru ekki öll úrslit á lokadegi mótsins, það á ekki að skipta máli þó ekki séu öll úrslit á sunnudegi eða öðrum degi. Það er mikilvægara að ná góðri nýtingu á dagskránnar.

JFF tekur aftur til máls. Segir að í fyrra hafi komið fram mjög rík krafa í fyrra um að létta á dagskránni. Vill heyra viðbrögð fundarmanna við ræktunarbúa, á að sleppa þeim lið, er hann of langur eða hvað?

- Fólk finnst þetta gaman því áhorfandinn fær að taka þátt í þessu, skapar stemmingu. Bætir því við að alltaf er verið að tala um að hlúa að æskulýðsmálum, og því ekki sniðugt að færa krakkana yfir á laugardaginn, frá

sunnudeginum. SÆ svarar þessu og telur að verið sé að gera þeim hátt undir höfði, með því að færa þau út úr úrslitakraðakinu á sunnudeginum.

- Fólk vill ekki missa ræktunarbússýninguna, það sé alltaf stuð í henni. Og sammála með börnin, leyfa þeim að njóta laugardagsins, að vera stjórnur dagsins þá.
- Hugmynd um að hafa tvenn A-úrslit á laugardegi, betra að hafa þau klukkan 1 á laugardegi en 10 á sunnudegi.
- Er ekki hægt að jafna þetta út á milli laugardags og sunnudags, gera þá báða áhugaverða?
- Ræktunarbússýning, má ekki sleppa henni.
- SÆ segir að um 50 ræktunarbú séu með frábæran árangur á þessu ári, hvernig á að fara að því að velja 10 bú úr?
- SÆ segir að mjög fáir knapar ríði kynbótahrossum, erfitt að hafa þetta dagskrá þegar verið er að keyra á sömu mönnunum mikið.
- Val á 10 ræktunarbúum, hvort ekki væri hægt að láta þjóðina kjósa um 5 bú (inná LM og LH og fleiri stöðum) og stjórnin velur hin 5 búin.

VV biður HP að slíta fundi.

HP þakkar fólki fyrir komuna, segir LH halda áfram að reyna vera í góðu og lífandi sambandi við sitt fólk í gegnum LH síðuna og eftir öðrum leiðum. Vill ekki að LH sé á öðrum stað en félögin, á því hafi LH engan áhuga, það verði að fylgja sínum félögum.

Fundi slitið.